



Borgarráð

### ***Malbikunarframkvæmdir 2020.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út malbikunarframkvæmdir 2020. Um er að ræða bæði malbikun yfirlaga sem og endurnýjun með fræsingu og malbikun. Þannig er áætlað að malbika um 20,2 km af götum. Kostnaðaráætlun 2 er 784 mkr. Að auki verður einnig unnið við hefðbundnar malbiksviðgerðir og er kostnaður við þær áætlaður um 207 mkr. Áætluð upphæð malbikunarframkvæmda 2020 er því 991 mkr. Að auki verður endurnýjað malbik á götum þar sem framkvæmdir verða við endurnýjun gatna.

Greinargerð:

Framkvæmdir ársins 2020 eru í samræmi við átaks-áætlun um endurnýjun á malbiki á götum Reykjavíkur. Á árunum 2018-2022 er gert ráð fyrir að varið verði um 6200 mkr. til endurnýjunar á malbiksyfirlögum auk hefðbundinna malbiksviðgerða.

*Götur og götukafar sem eru í forgangi 2020 eru:*

Leifsgata, Lækjargata, Skúlagata, Snorrabraut, Ásvallagata, Bræðraborgarstígur, Engihlíð, Grenimelur, Hjarðarhagi, Ingólfsstræti, Katrínartún, Laugavegur, Lynghagi, Meistaravellir, Miklabraut 22 - 64, húsagata, Nauthólsvegur, Nóatún, Seilugrandi, Skaftahlíð, Skipholt, Smyrilsvegur, Starhagi, Stórholt, Sturlugata, Túngata, Varmahlíð, Ægisgata, Ægissíða, Engjavegur, Faxafen, Hörgsland, Lág múli, Sundaborg, Vegmúli, Hrístateigur, Rauðalækur, Ásgarður, Dragavegur, Sægarðar, Borgartún, Sundlaugavegur, Grensásvegur, Háaleitisbraut, Suðurlandsbraut, Álfheimar, Skeiðarvogur, Gautland, Kringlan, Listabraut, Tunguvegur, Arnarbakki, Álfabakki, Árskógar, Brekknaás, Bæjarháls, Hálsabraut, Hjallasel, Hólalberg, Lyngháls, Nethylur, Norðurfell, Núpabakki, Rangársel, Selásbraut, Skógarsel, Stekkjarbakki, Straumur, Stuðlaháls, Vesturhólar, Ytasel, Bíldshöfði, Blikastaðavegur, Borgartorg, Borgarvegur, Breiðhöfði, Dyrhamrar, Eirhöfði, Fossaleynir, Funahöfði, Korpurampi, Korpúlfsstaðarvegur, Lambhagavegur, Langirimi, Leiðhamrar, Malarhöfði, Ólafsgesli, Sóleyjarrimi, Spöngin, Stórhöfði botnlangi nr. 37, Stórhöfði /Nóntorg og Vesturfold.

Sá fyrirvari er settur að um fyrstu keyrslu er að ræða og því getur listinn breyst eftir því


hvernig göturnar koma undan vetri og eftir ástandsskoðun í vor.  
Þá geta einhverjar götur dottið út og aðrar komið inn.

Framkvæmdir skv. fjárfestingaráætlun 2020 (784 mkr.) mynda stofn til innri leigu.  
Framkvæmdir við malbiksviðgerðir 2020 (207 mkr.) eru skv. rekstraráætlun umhverfis- og skipulagssviðs.


- Kostnaðaráætlun 1: 784 mkr.
- Kostnaðaráætlun 2: 784 mkr.
- Kostnaðarstaður: 3108

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:  
Yfirlitsmynd



- Malbikun - Yfirlagnir
- Malbikun og fræsun

 **UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ**  
SKRIFSTOFA FRAMKVÆMDA OG VIÐHALDS  
BORGARTÚNI 12-14, 105 REYKJAVÍK

SÍMI: 411 1111  
FAX: 411 8199

### Malbikun 2020 Yfirlitsmynd